

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennarar: Aldís Einarsdóttir og Kristín Sesselja Kristinsdóttir Nemendur: 46 nemendur Tíma fjöldi: 3 stundir			
Menntagildi námsgreinar: Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu. Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Ensukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd.			
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
	Nemandi getur: • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins,	• Nemendur hlusta á upplestur og leysa verkefni í Ready for Action. • Nemendur spjalla saman um ýmis viðfangsefni sem koma fyrir í Ready for Action.	• Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. • Hlustunarpróf frá British Council learn english kids

Hlustun	hlustað eftir einstökum, nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.	- Nemendur gera hlustunar æfingar úr Build up 2 - Ýmis hlustunar verkefni á heimsíðu British Council. - Nemendur hlusta á söguna um Little Red Riding Hood og bregðast við með athöfnum. - Nemendur horfa á nokkra þætti af The Healing Power of Dude.	- Lykilhæfnin tjáning og miðlun og skapandi og gagnrýnin hugsun verður höfð til hliðsjónar. - Nemendur rituðu niður a.m.k. 3 atriði sem gerðust í þættinum.
Lesskilningur	Nemandi getur: - fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, - lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.	- Nemendur lesa texta og leysa verkefni úr Ready for Action, léttlestrarbókum og öðrum verkefnum. - British Council - Nemendur nota internetið til að finna ýmsar upplýsingar t.d um fræga staði og persónur.	- Nemendur taka reglulega skriflegar kannanir úr efninu sem fela í sér lesskilnings- og orðaforðaverkefni. - Green Screen verkefni um London byggt á upplýsingum úr Ready for action og leit á netinu. - The Band, nemendur gera kynningu um fræga hljómsveit. - Going places, nemendur unnu í tölvuveri Word skjal með myndum og staðreyndum um höfuðborg í Evrópu. - Lykilhæfnin ábyrgð og mat á eigin námi verður höfð að leiðarljósi.
Samskipti	Nemandi getur: - tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, - bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum, - notað málið sem samskiptamiðil í kennslustund og undirbúið, tekið og veitt viðtal.	- Tvenndarvinna í Ready for Action - Green Screen verkefni um London þar sem nemendur vinna saman að því að leita að upplýsingum og segja frá helstu ferðamannastöðum í London. - Leikþáttur: Ordering in a restaurant.	- Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. - Kynning á verkefnum - Ipad verkefni, viðtal: Something about me. - Geta pantað einfaldan mat á veitingastað að eigin vali og átt kurteis samskipti. - Lykilhæfnin ábyrgð og mat á eigin námi verður höfð að leiðarljósi.

Frásögn	Nemandi getur: - greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. - Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.	- Samræðuaðferðir úr efni í Ready for Action - Kynningar um ýmislegt, uppáhalds tónlistarmann, áhugamál, London, sjálfan sig o.s.frv. - Sagt frá sjálfum sér - Video viðtal	- Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. - Lykilhæfnin tjáning og miðlun og skapandi og gagnrýnin hugsun verður höfð til hliðsjónar. - Something about me - Málfræði: Notað forsetningar, lýsingarorð, sagnorð, nafnorð, fornöfn.
Ritun	Nemandi getur: - skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda. - Skrifa einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. - Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.	- Skriflegar æfingar í Enska málfræðiæfingar B, verkefni í Ready for Action, Build up 2 - Skrifa póstkort til kennarans. - Tölvuver: Nemendur leita að upplýsingum á netinu um höfuðborg að eigin vali í Evrópu sem þau velja að ferðast til og segja hvað þau ætla að taka með sér. Senda kennara skjalið og skrifa skilaboð eins og um póstkort sé að ræða þar sem fram kemur veðurfar, það skemmtilegasta við ferðina	- Nemendur taka reglulega skriflegar kannanir úr efninu sem fela í sér málfræði- og orðaforðaverkefni og einföld ritunarverkefni. - Finna mynd af borginni og skrifa staðreynda upplýsingar um hann. - Ritun um sjálfan sig áhugamál, fjölskylda og umhverfi. - Lykilhæfnin ábyrgð og mat á eigin námi verður höfð að leiðarljósi.
Námshæfni	Nemandi getur: - lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara fram, - beitt sjálfsmati, - tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi, - nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfléttirit, orðabækur, veforðasöfn,	Einstaklingsvinna, tvenndarvinna og hópavinna úr Enska málfræðiæfingar B og Ready for Action. Einnig í samtengingu við aðrar námsgreinar.	- Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan á vinnu stendur. - Lykilhæfnin sjálfstæði og samvinna verður höfð að leiðarljósi.

	leiðréttingarforrit og leitarvélar.		
Málfræði og orðaforði	Nemandi getur: • Tileinkað sér góðan orðaforða • Beitt þekkingu sinni í málfræði	Einstaklingsvinna, tvenndarvinna og hópavinna úr Enskar málfræðiæfingar B, Ready for Action, Build Up 2, Enskur Málvísir, og Heroes. Einnig í samtengingu við aðrar námsgreinar.	• Nemendur taka reglulega skriflegar kannanir úr efni sem fela í sér málfræði- og orðaforðaverkefni og einföld ritunarverkefni. • Lykilhæfnin ábyrgð og mat á eigin námi verður höfð að leiðarljósi.
Kennslugögn: Enskar málfræðiæfingar B, Enskur málvísir, Build up 2, Ready for action, internetið. Lokamat: Ritun, lestur og þýðing, hópvinna. Munnleg verkefni, leikpáttur og kynningar.			